



Reglur um heimgreiðslur til foreldra

Gildir frá 1. janúar 2023

1. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári heimgreiðslur til foreldra og forráðamanna barna sem ekki eru í leikskóla eða hjá dagforeldri frá 12 mánaða aldri og þar til barn verður 30 mánaða. Greiðslur falla niður ef barn hefur nám í leikskóla eða fer til dagforeldris fyrir þann tíma.
2. Skilyrði fyrir greiðslum eru eftirfarandi
 - a. Að foreldri / forráðamaður og barn eigi lögheimili í Hafnarfirði
 - b. Barn sé orðið 12 mánaða og ekki eldra en 30 mánaða.
 - c. Hægt er að óska eftir heimgreiðslu vegna barna eldri en 30 mánaða á meðan beðið er eftir plássi í leikskóla í Hafnarfirði og ekki er verið að greiða fyrir pláss annarsstaðar. Skilyrði er að barn sé á biðlista eftir leikskólaplássi í Hafnarfirði.
3. Mánaðarleg greiðsla miðast við almenna niðurgreiðslu hjá dagforeldrum fyrir 8 klst vistun.
4. Sækja skal um heimgreiðslur á vef Hafnarfjarðar í gegnum „Mínar síður“.
5. Greitt er fyrsta virkan dag hvers mánaðar og greiðist eftir á fyrir nýliðinn mánuð.
6. Heimgreiðslur eru ekki afturvirkar.
7. Hægt er að fá heimgreiðslur svo fremi sem foreldrar / forráðamenn séu ekki að þiggja aðrar niðurgreiðslur vegna barnsins.

Samþykkt í bæjarstjórn

x. xxxx 2022

Rósa Guðbjartsdóttir
bæjarstjóri